

Framboð til kirkjubings

sr. María Rut Baldursdóttir

1. kjördæmi vígðra
Reykjavíkurkjördæmi

Reykjavík, 20.apríl 2026

Kæru kollegar í Reykjavíkurkjördæmi,

Ég, María Rut Baldursdóttir, gef kost á mér til setu á kirkjubingi á komandi kjörtímabili.

Ég starfa sem prestur í Guðríðarkirkju Grafarholti og vígðist til prestþjónustu í janúar 2017. Á starfsferli mínum hef ég aflað mér víðtækrar og fjölbreyttrar reynslu af kirkjustarfi, bæði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Ég starfaði sem prestur í Bjarnanesprestakalli og hef jafnframt sinnt afleysingum í Kjalarnesprófastsdæmi, auk starfa minna í Reykjavík. Sú reynsla hefur veitt mér mikilvæga innsýn í ólíkar aðstæður safnaða, mismunandi rekstrarumhverfi og þær áskoranir sem kirkjan stendur frammi fyrir eftir staðsetningu, mannafla og samfélagsgerð.

Ég tel það vera verulegan styrk að þekkja kirkjustarf bæði í dreifðari byggðum og á höfuðborgarsvæðinu. Þessi tvíþætta reynsla nýtist vel þegar meta þarf ákvarðanir á vettvangi kirkjubings, þar sem mikilvægt er að horfa til heildarinnar og tryggja að stefna og ákvarðanir taki mið af raunverulegum aðstæðum um land allt. Kirkjan er ein heild, en býr við fjölbreyttar aðstæður, og það þarf að endurspeglast í vinnu kirkjubings.

Áður en ég tók við prestsþjónustu starfaði ég meðal annars sem æskulýðsfulltrúi innan kirkjunnar. Sú reynsla hefur haft mótandi áhrif á sýn mína á starf hennar og á mikilvægi þess að skapa ungu fólki raunverulegan vettvang innan kirkjunnar. Æskulýðsstarf er ekki aðeins undirbúningur fyrir framtíðina heldur lífandi og ómissandi hluti kirkjunnar í samtímanum. Þar myndast tengsl, traust, samfélag og trúarleg mótun sem geta haft varanleg áhrif á líf fólks.



Ég tel brýnt að kirkjan haldi áfram að efla æskulýðsstarf sitt með markvissum hætti. Þar skiptir máli að tryggja bæði öflugt safnaðarstarf og góða samvinnu þvert á prófastsdæmi og landshluta. Í því samhengi tel ég starf svæðisstjóra æskulýðsmála afar mikilvægt. Það skiptir miklu að þau störf séu sterk og vel studd, enda gegna svæðisstjórar lykilhlutverki í að tengja saman starf á svæðum, styðja við leiðtoga og fulltrúa og skapa samfellu í æskulýðsstarfi kirkjunnar um land allt.

Mér finnst einnig mikilvægt að kirkjan skapi áfram ungu fólki tækifæri til áhrifa. Þar skiptir máli að hlusta á raddir þess, skapa vettvang fyrir þátttöku og taka mark á þeirri reynslu og sýn sem yngri kynslóðir færa inn í líf kirkjunnar. Kirkjan styrkist þegar ungt fólk fær að tilheyra, taka þátt og hafa áhrif.

Bakgrunnur minn í tónlist hefur einnig mótað starf mitt á afgerandi hátt. Ég hef menntun í söng og hef kennt söng og fiðluleik. Ég þekki því af eigin raun að tónlist er ekki aðeins hluti af helgihaldi heldur einnig öflug leið til miðlunar, þátttöku og samfélagsmyndunar og vitnisburður um menningarlegt mikilvægi kirkjunnar í samfélaginu.

Ég tel að kirkjuping þurfi að leggja aukna áherslu á að móta skýra og metnaðarfulla tónlistarstefnu fyrir Þjóðkirkjuna. Slík stefna þarf að vera langtímamiðuð, styðja við faglegt starf, tryggja fjölbreytni og skapa skilyrði fyrir nýliðun. Í því samhengi er starf Tónskóla Þjóðkirkjunnar lykilatriði. Ég tel mikilvægt að efla stöðu hans, skýra hlutverk hans enn frekar og tryggja að hann verði áfram burðarás í menntun, faglegri þróun og framtíð kirkjutónlistar í landinu.

Ég hef jafnframt sinnt ýmsum nefndarstörfum. Ég sit í héraðsnefnd Reykjavíkurprófastsdæmis eystra og er formaður Tilveru, samtaka um ófrjósemi. Einnig var ég um tíma formaður félags prestvígðra kvenna. Í þeim störfum hef ég öðlast reynslu af stefnumótun, málefnavinnu og samstarfi þar sem mikilvægt er að vinna af ábyrgð, hlusta á ólík sjónarmið og finna lausnir sem þjóna heildinni. Sú reynsla hefur styrkt mig í því að vinna markvisst og af yfirvegun að krefjandi verkefnum.

Kirkjuping gegnir lykilhlutverki í stefnumótun, lagasetningu og fjárstjórn kirkjunnar. Ég tel mikilvægt að sú vinna einkennist af ábyrgð, gagnsæi og skýrri framtíðarsýn. Þar tel ég sérstaklega mikilvægt að farið sé með eignir kirkjunnar af varfærni og festu. Þær eru ekki aðeins fjárhagsleg auðlind heldur hluti af arfleifð kirkjunnar og grundvöllur að sjálfstæði hennar og starfsemi til framtíðar.

Að mínu mati er mikilvægt að kirkjuping endurspegli breidd þeirra sem starfa innan kirkjunnar. Við sem höfum starfað í skemmri tíma höfum mikilvæga reynslu og sjónarhorn sem á erindi í umræðuna. Ég tel að kirkjan þurfi bæði reynslu og nýja sýn og vil leggja mitt af mörkum sem hluti af þeirri kynslóð sem er að móta næstu skref hennar.

Ég er drífandi í störfum mínum, geng í verkefni af ábyrgð og festu og legg áherslu á að vinna markvisst að niðurstöðum. Ég tel mikilvægt að rödd mín fái að heyrast á kirkjupingi og að ég geti lagt þar fram skýra sýn, byggða á reynslu minni og þeim áherslum sem ég tel mikilvægar fyrir framtíð kirkjunnar.

Ég myndi meta traust ykkar til þeirra starfa og er tilbúin að leggja mig fram af heilindum í þeirri vinnu. Með góðri kveðju og ósk um Guðs blessun,

María Rut Baldursdóttir

prestur í Guðríðarkirkju